

Ofnæmi og óþol í leikskólum Árborgar

Í leikskólum Árborgar er komið til móts við börn sem greinast með fæðuóþol/fæðuofnæmi. Til að hægt sé að taka tillit til barna með óþol/ofnæmi þarf að liggja fyrir greining lækni á óþolinu/ofnæminu.

Verkferlar

Fæðuofnæmi getur verið lífshættulegt. Starfsfólk þarf að vinna náið með aðstandendum og heilbrigðisstarfsfólki að því að skapa öruggt umhverfi fyrir börn með fæðuofnæmi og draga úr hættunni á því að þau komist í tæri við ofnæmisvalda. Einnig skal unnið að því að barnið upplifi sig ekki öðruvísi en skólafélagarnir og fái notið viðburða þar sem matur og drykkur kemur við sögu jafnt og aðrir. Til að hægt sé að koma til móts við óþol/ofnæmi barna í þurfa eftirfarnadi verkferlar að vera til staðar í leikskólanum.

1. Læknisvottorð liggi fyrir um hvers kyns óþol/ofnæmi er til staðar hjá barninu. Vottorðinu fylgi lýsing á óþoli/ofnæmi, viðbrögð barnsins við því og leiðbeiningar læknis um hvernig leikskólinn skuli bregðast við. Læknisvottorð þarf að endurnýja eftir þörfum.
2. Deildarstjóri fundar með foreldrum barnsins og fer yfir verkferla leikskólans.
3. Hengdar eru upp myndir af börnum með óþol/ofnæmi á deildum ásamt nákvæmri lýsingu á þeim matvælum sem viðkomandi barn má alls ekki komast í snertingu við.
4. Leikskólastjóri fer yfir viðbrögð eldhúss með matráði.
5. Deildarstjóri fer yfir viðbrögð starfsfólks deildar barnsins.
6. Leikskólastjóri/deildarstjórar tryggja að allt starfsfólk leikskólans sé upplýst um verkferla er varða ofnæmi/óþol.
7. Ef barn með óþol/ofnæmi fær ofnæmisviðbrögð, þá eru gefin lyf þegar við á og ávallt haft samband við foreldra og þeir látnir vita.



Ofnæmi og óþol í leikskólum Árborgar

Ábyrgð forráðamanna /aðstandanda

- Upplýsa skólann um fæðuofnæmi/óþol og annað sem taka þarf tillit til.
- Leggja skal fram læknisvottorð með upplýsingum um ofnæmið sem og leiðbeiningar um rétt viðbrögð við ofnæmistilviki, aðgerðaáætlun og atvikaskráning.
- Tryggja að í skólanum séu ávallt nauðsynleg lyf. Lyfin þurfa að vera greinilega merkt viðkomandi barni og þau þarf að endurnýja áður en þau renna út.
- Taka þátt í að gera áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð við ofnæmistilvikum í samvinnu við skólann. Áætlunin þarf að taka mið af þörfum barnsins í ólíkum aðstæðum á viðverutíma barnsins, þ.e. á matmálstímum og á viðburðum á vegum skólans.
- Gefa greinargóðar upplýsingar um hvað það er sem barnið borðar og vera til ráðgjafar og samstarfs um örugg aðföng og vörur sem hafa reynst vel.
- Kenna barninu, í samræmi við aldur og þroska þess, hvernig á að lifa með ofnæminu.



Ofnæmi og óþol í leikskólum Árborgar

Ábyrgð skólans

- Þekkja og fara eftir leiðbeiningum þessum varðandi fæðuofnæmi/óþol og móttöku barna með fæðuofnæmi. Einnig að fylgja leiðbeiningum frá Embætti landlæknis <https://island.is/faeduofnaemi-og-othol> er snúa að upplýsingagjöf um ofnæmisvalda og tryggja að þeir sem bera ábyrgð á matargerð og/eða móttöku matar og afgreiðslu/skömmtnun fylgi þeim reglum í hvívetna. Jafnframt, ef matur er keyptur annars staðar frá, að sá aðili sé einnig að fylgja viðurkenndum verklagsreglum
- Tryggja að börn með fæðuofnæmi/óþol fái sambærilegan mat og önnur börn á viðburðum þar sem veitingar eru á boðstólnum.
- Skrá öll tilfelli fæðuofnæmis/óþols (atvikaskráning) sem upp koma, læra af atvikinu og draga úr líkum á því að það endurtaki sig. Yfirfara viðbragðsáætlun með aðstandendum ef að ofnæmistilvik hafa komið upp og meta hvort gera þurfi einhverjar breytingar.
- Tryggja að allt starfsfólk leikskólans kunni að nota EPI penna (þegar um bráðaofnæmi er að ræða) auk þess sem allir þurfa að vera upplýstir um þá staði sem pennar eru geymdir á.
- Standa fyrir fræðslu fyrir allt starfsfólk skólans til að upplýsa það um ofnæmi/óþol og viðbrögð við því og hvernig lyfin eru gefin á réttan hátt, t.d. á skyndihjálparnámskeiðum.
- Tryggja að allt starfsfólk sem er í reglulegum samskiptum við barnið viti um fæðuofnæmið þekki einkennin og viti hvernig á að bregðast við í neyðartilfellum.
- Tryggja að lyf séu geymd á öruggan hátt á stað sem allir vita um og í samráði við leikskólastjóra.
- Bregðast rétt og hratt við ofnæmistilvikum, tryggja að alltaf sé starfsfólk til staðar sem getur gefið rétt lyf, hvar og hvenær sem er á starfstíma og/eða á viðburðum skólans.



Ofnæmi og óþol í leikskólum Árborgar

Viðbragðsáætlun

Hvað á að gera ef barn með BRÁÐAofnæmi hefur fengið fæðu eða orðið útsett fyrir því sem veldur bráðaofnæmi?

Ef um bráðaofnæmi er að ræða vaxa einkennin skyndilega innan við 30 mínútum eftir snertingu við ofnæmisvaldinn.

Ef um bráðaofnæmi er að ræða er strax farið í viðeigandi aðgerðir og hringt í Neyðarlínuna 112

1. Ef barnið er með bráðaofnæmi (öndunarerfiðleika, lost eða skerta meðvitund) þá er EPI penni gefinn.
2. Fylgst með meðvitund og öndun meðan beðið er eftir sjúkrabíl.
3. Ofnæmisvaldur fjarlægður ef hægt er (t.d. skola munn ef um fæðu er að ræða).
4. Sá stjórnandi sem er í húsi er fenginn til þess að hringja í foreldra og tilkynna atburð.

Hvað á að gera ef barn með ofnæmi/óþol hefur fengið fæðu eða verið útsett fyrir því sem veldur ofnæmisviðbrögðum?

1. Ofnæmisvakar fjarlægðir og allar leifar sem kunna að vera á barninu þvegnar burt.
2. Hafa samband við foreldra og láta vita að barnið hafi fyrir slysni borðað fæðu með ofnæmisvaka í. Spyrja foreldra ráða.
3. Fylgst vel með einkennum hjá barninu.
4. Eftir á skal skrá atvikið samkvæmt viðbragðsáætlun (atvikaskráning).

Mikilvægt er að sammælast um orðræðuna þegar hringt er í foreldri og tilkynnt um ofnæmistilfelli. Dæmi: "Sæl, það er allt í lagi með X, en hann fékk fyrir slysni einn bita af fiskibollu með mjólk í". Fara yfir viðbrögð leikskólans í þessum tilfellum.

